



Öndvegissetur í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri

Sótt var um verkefnið í markáætlun á sviði vísinda- og tækni 2009-2015,
Öndvegissetur og rannsóknaklasar.

Markmið verkefnisins er að efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu.

Ljóst er að aðstæður í heilbrigðisþjónustu, öldrunarþjónustu og félagsþjónustu munu breytast verulega á næstu árum vegna breytinga á aldurdreifingu íbúa og lífsstíl og framfara í heilbrigðisvísindum. Auka þarf sérstaklega rannsóknir sem tengjast lífsstíl s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, og offitu. Mikilvægt er að fá fram skilning á því hvað stýrir lífsstíl, mataræði og hreyfingu og hvaða leiðir eru bestar til að stuðla að lýðheilsu og lífsgæðum. Lagt er til að Akureyri verði notað sem heilsulíkan þar sem samstilltu átaki í fræðslu, forvörnum, skimun, greiningu og meðferð og breyttri hegðun er beitt til að draga úr tíðni algengra sjúkdóma. Mikill mannauður er til á Akureyri í heilbrigðisdeild HA, á Sjúkrahúsi Akureyrar (FSA) og á heilsugæslustöðinni (HAK) og því er auðvelt að skipuleggja meðferðarrannsóknir og framkvæma þær og meta árangur af meðferðinni.

Þessu til viðbótar má benda á að mikill auður felst í heitu vatni á Íslandi, t.d. í Jarðböðunum við Mývatn, því er brýnt að rannsaka heitt vatn og heilbrigði og tengja þær rannsóknir við heilsutengda ferðaþjónustu.

Samstarfsaðilar eru Akureyrabær, HAK, FSA, Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

Tími: Verkefni getur hafist 1. janúar 2009

Kostnaður: Er einhver, sjá umsókn um Öndvegissetur. Hinsvegar er hægt að lágmarka kostnað með því að tengja framhaldsnám í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri við verkefnið.

Tengiliður umsóknar: Dr. Sigríður Halldórsdóttir prófessor HA, sigridur@unak.is

**Öndvegissetur í heilbrigðisvísindum
við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri**

Tengiliður umsóknar:

Dr. Sigríður Halldórsdóttir
Prófessor og forstöðumaður framhaldsnáms
Heilbrigðisdeild, Háskólanum á Akureyri
Norðurslóð, Pósthólf 224, 602 AKUREYRI
Sími: 460-8000
Netfang: sigridur@unak.is

Markmið öndvegissetursins: Að efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu.

Öndvegissetur í heilbrigðisvísindum er í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs en því er ætlað að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og þróunarstarf í því skyni að treysta stöðir íslenskrar heilbrigðisþjónustu og efla heilbrigði Íslendinga. Með öndvegissetrinu viljum við flétta saman vísindi, tækni og samfélag til að skila þjóðinni enn meiri ávinningi með áherslu á aukði heilbrigði landsmanna af báðum kynjum og öllum aldurshópum. Við viljum með því stuðla að aukinni samvinnu milli vísinda- og tæknisamfélags og hagsmunaaðila þ.m.t. fyrirtækja, háskólans, rannsóknarstofnana, opinberra aðila, félagasamtaka og einstakra þjóðfélagshópa, svo og stjórnvalda. Við trúum því að með virkara samstarfi geti þessir aðilar treyst stöðu sína, ýtt undir nýsköpun í atvinnulífi og opinberri þjónustu og um leið eflit vísinda- og tæknirannsóknir hér á landi með heilsu, heilbrigði og hollustu í fyrirrúmi og með almannaheill að leiðarljósi.

Aðstæður í heilbrigðisþjónustu, öldrunarþjónustu og félagsþjónustu munu breytast verulega á næstu árum vegna breytinga á aldursdreifingu íbúa og lífstíl, þróunar í átt til fjölmenningar auk framfara í heilbrigðisvísindum. Ýmis heilbrigðisvandamál munu hafa áhrif á kostnað við heilbrigðisþjónustu. Frumkvæði í rannsóknum og þróun skilar sér í nýjum áhrifaríkum leiðum til forvarna, snemmgreininga, skimana og meðferðar, auk tæknilegra framfara á sviði heilbrigðisþjónustu, hagkvæmni þjónustunnar og auknum lífsgæðum. Rannsóknir, þróun og nýsköpun á þessum sviðum eru arðbær fjárfesting fyrir samfélagið og er nauðsynlegt að leggja heildstætt mat á árangurinn. Mikilvægt er að rannsóknirnar og þekkingin auki möguleika almennings til bættrar heilsu og aukinna lífsgæða. Líta þarf svo á að rannsóknir séu sjálfsagður hluti atvinnulífs á heilbrigðisþjónustu. Styrkja þarf rannsóknir þar sem leitað er margvíslegra leiða í forvörnum, heilsuvernd, heilsuefningu og endurhæfingu.

Til að mæta þeim lýðfræðilegu breytingum sem framundan eru þarf að efla menntun heilbrigðisstétta og afla aukinnar þekkingar á sviði heilbrigðis- félags- og öldrunarþjónustu, rannsóknir á þjónustuforum, heilsuefningu, kostnaði og lífsgæðum þjónustuþega. Einnig þarf að rannsaka sérstaklega áhættuþætti sjúkdóma sem tengjast lífsstíl s.s. hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein, átraskanir og offitu. Auka þarf skilning á því hvað stýrir lífsstíl, mataræði og hreyfingu og hvaða leiðir eru bestar til að stuðla að lýðheilsu og lífsgæðum. Mikilvægt er að gera greiningu á þeim heilsufarsvandamálum sem helst steðja að Íslendingum. Greina þarf hvert stefnir í heilsufari þjóðarinnar. Ljóst er t.d. að það hefur dregið úr lífslíkum íslenskra kvenna. Af hverju er það? Er eitthvað hægt að gera við því? Þjóðin er að þyngjast. Hverjir eru áhrifavaldarnir? Öldrudum fer hratt fjölgandi. Getum við þróað skapandi lausnir eða nýjungar í heilbrigðisþjónustu sem hæfir þessum stækkandi aldurshóp og eflir heilsu þeirra og lífsgæði? Við teljum að ekki fáiast svör við þessum spurningum og mörgum öðrum nema með auknum tengslum milli háskóla, stofnana/fyrirtækja og stjórnvalda. Markvissara samstarf þessara aðila, þvert á fræðasvið myndi efla vísindastarf umtalsvert. Þar sem fagleg breidd er til staðar í gegnum þetta samstarf er möguleiki á nýjum lausnum. Við leggjum áherslu á að allar rannsóknir hafi vísindalegt gildi fyrir Íslendinga og alþjóðlega. Við leggjum enn fremur áherslu á heilbrigði einstaklinga, hópa og þjóðarinnar í heild sinni. Líta þarf gagnrýnum umbótaaugum á heilsu hinna ýmsu hópa og þá þjónustu sem veitt er á hverju aldurskeiði og hvernig hún tengist og nýtist sem best. Markmiðið er að efla og auka lífsgæði núverandi og komandi kynslóða á Íslandi og láta jafnframt gott af okkur leiða alþjóðlega.

GREINING Á NÚVERANDI STÖÐU OG LITIHÐ TIL FRAMTÍÐAR

Nám fyrir heilbrigðisstéttir

Innan heilbrigðisdeildar hefur verið boðið upp á hjúkrunarfræðinám í rúm 20 ár, iðjuþjálfunarnám í rúm 10 ár og meistaranám í rúm 10 ár. Í dag er í boði *diplómu-* og *meistaránám* í

heilbrigðisvísindum og sækja það nám hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar, iðjuþjálfarar, læknar og fólk úr ýmsum tengdum greinum s.s. úr sálarfræði, viðskipafræði o.fl. Meistaránámið er 120 ECTS einingar: 60 ECTS einingar í námskeið og að jafnaði 60 ECTS eininga meistaranámsókn. Tæplega 40 manns hefur útskrifast með meistaragráðu frá Háskólanum á Akureyri, heilbrigðisdeild og rúmlega tugur með diplómunám í heilbrigðisvísindum.

Samstarf við aðrar deildir HA.

Í heilbrigðisdeild höfum við byggt upp öflugt og sveigjanlegt diplómu- og meistaranám í lifandi tengslum við annað nám í háskólanum og höfum lagt áherslu á virkt og gott samstarf við aðrar deildir. Til dæmis hefur heilbrigðisdeild boðið fólki úr heilbrigðisþjónustunni upp á diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum með áherslu á stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar í samvinnu við viðskiptadeild HA. Einnig er til staðar náíð samstarf við kennaradeild m.a. í þremur sameiginlegum meistaranámskeiðum. Stærð HA er mjög heppileg með tilliti til samstarfs milli einstaklinga og deilda.

Aðgerðaáætlun heilbrigðisdeilda

Heilbrigðisdeild hefur sett fram aðgerðaáætlun fyrir 2007-2011 þar sem við skilgreinum fimm yfirmarkmið sem varða leiðina að framtíðarsýn okkar:

1. Jákvætt og krefjandi námsumhverfi.
2. Öflugt rannsóknarstarf.
3. Virk tengsl við samfélagið.
4. Alþjóðlegt samstarf.
5. Skilvirk skipulagsheild

Stofnun Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum sameinar alla þættina en þó einkum þætti 2, 3 og 4.

Rannsóknarsamningur við menntamálaráðuneytið

Háskólinn á Akureyri (HA) hefur gerð samning við menntamálaráðuneytið (dags. 18.des. 2007) sem gerður er á grundvelli 21. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. HA er annar háskólinn á Íslandi sem menntamálaráðuneytið gerir slíkan samning við. Tilgangur samningsins er m.a. að vinna að svæðisbundinni þróun og eflingu rannsókna og nýsköpunar í alþjóðlegum samanburði. Stofnun Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum væri í fullu samræmi við ofangreindan samning og myndi styrkja faglegan grundvöll þeirrar fræðastarfsemi sem þegar hefur verið þróuð við heilbrigðisdeild HA. Við höfum metnað til að stunda rannsóknir sem skapa eftirsóknarverða þekkingu á alþjóðavísu.

Heilbrigðisvísindi við HA er alþjóðlega viðurkennt fræðasvið

Heilbrigðisvísindi er eitt þeirra þriggja fræðasviða HA sem fengið hafa alþjóðlega viðurkenningu (22. apríl 2008) Viðurkenningarnar eru byggðar á áltíti alþjóðlegra sérfræðinefnda sem fóru yfir starfsemi háskólans og skiluðu ítarlegum skýrslum um hana. Nefndin um heilbrigðisvísindi gefur heilbrigðisvísindum mjög jákvæða umsögn. Starf kennara og framlag nemenda fær mjög góða dóma. Samstarfi nemenda og starfsmanna er hælt og vakin athygli á þeirri staðreynd að smæð háskólans auðveldi jákvæð og gjöful tengsl á milli þessara aðila.

2. Markmið samstarfsins

Akureyri sem heilsulíkan (heilsuþætturinn Akureyri - heilsulandið Ísland)

Heilbrigðisvísindi hafa mikið gildi fyrir íslenskt samfélag í samfélagslegu, menningarlegu og hagrænu tilliti. Akureyri er mikilvæg þjónustumiðstöð landsbyggðarinnar allrar á sviði heilbrigðismála. Þar er starfrækt eina aðalvarasjúkrahús landsins, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA), og rekin öflug heilsugæslustöð sem þjónustar átta sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal, en Heilsugæslustöðin á Akureyri er öflugasta heilsugæslustöð landsins.

Akureyri getur orðið heilsulíkan þar sem samstilltu átaki í fræðslu, forvörnum, skimun, greiningu, meðferð og breyttri hegðun er beitt til að draga úr tíðni algengra sjúkdóma. Til að Íslendingar

njóti þess ávinnings sem starfskraftar og nálægð býður upp á þarf að samnýta aðstöðu og hvetja til samstarfs og vinna þannig gegn óhagræði smárra og fátækra eininga. Nábyli rannsókna í stofnunum, matvælafyrirtækjum, háskóla, sjúkrahúsi og heilsugæslustöðvar á Akureyri skapar forsendur fyrir samvinnu sem ekki er til staðar með sama hætti í dag. Aukið samstarf mun styrkja og efla hverja stofnun og styrkja byggðir landsins. Efla þarf rannsóknarumhverfi á Akureyri og tryggja aðild að alþjóðlegum rannsóknarinnviðum sem skapa aðstöðu sem ekki er á færi okkar sjálfra að byggja upp.

Við teljum að aukið samstarf milli þekkingarsviða sé líklegt til að skila sér í nýrri þekkingu og verðmætasköpun. Hraðari innleiðingar nýjunga í heilbrigðisvísindum og heilbrigðisþjónustu sem auðveldara er að koma í kring á Akureyri vegna smæðarinnar auk áhuga og áforma um meiri nálægð og samstarf um land allt. Á Akureyri eru styttri boðleiðir sem hvetja til þverfaglegs samstarfs sem leiðir til nýjunga á sviði heilsu, heilbrigðis og hollustu. Þessi þróun gefur rannsóknum nauðsynleg skilyrði til frumkvæðis og framsækni á alþjóðavettvangi. Tækifæri á rannsóknasviðum heilsu, heilbrigðis og hollustu liggja í innviðum rannsóknastarfs okkar, góðri menntun, reynslu og árangri, gagnagrunnum, upplýsingatækni og margs konar auðlindum og sérstöðu. Mikill mannaúður getur eflt rannsóknir sem stuðla að heilsuhegðun. Samþætta þarf mennta- og heilbrigðiskerfið og eru kjöraðstæður til þess í skólabænum Akureyri.

Á Akureyri er tækifæri til að beina árangri af klínískum rannsóknum beint yfir í nýjungar í meðferð, forvarnir og heilbrigðisþjónustu. Með samstilltu átaki í fræðslu til almennings, forvörnum, skimun, greiningu og meðferð sem allt byggir á rannsóknum má gera *Akureyri að heilsulíkani* til að minnka tíðni algengra sjúkdóma s.s. hjarta- og æðasjúkdóma, smitsjúkdóma, augnsjúkdóma, krabbameins og geðraskana. Hér má vinna að könnun klínískra rannsókna til framkvæmda þar sem þær eru hagkvæmar og yfirfæra niðurstöður á Ísland og síðan vestrænan og alþjóðlegan markað.

Við heilbrigðisdeild HA er hefð fyrir því að ólíkar vísindagreinar mætist. Á öndvegissetrinu yrði lögð áhersla á faglega breidd, samstarf faggreina, og að bæði grunn- og hagnýtar rannsóknir verði virkjaðar til að mæta væntingum almennings um aukin lífsgæði. Hluti af framtíðarsýn er einnig öflugt starfsfólk og fjöldi möguleika til að Íslendingar nái sterkri alþjóðlegri stöðu á sviðum sem varða heilsu, heilbrigði og hollustu.

3. Samstarfshópur

Helstu þátttakendur í samstarfshópnum á þessu stigi umsóknarferlisins er tilgreindur hér að neðan og er mörkuð sú stefna innan hópsins að víkka hópinn frekar ef umsóknin fær brautargengi. Háskólinn á Akureyri hefur einstakt tækifæri til samstarfs við lykilaðila sem hafa áhrif á lýðheilsu íbúa í nærsamfélaginu, bæði með þátttöku Sjúkrahússins á Akureyri og Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, en ekki síst með samstarfi við sveitarfélagið sem gefur tækifæri til að tengja með raunverulegum hætti niðurstöður fræðanna við stórf fagfólks í nærsamfélaginu. Við höfum þannig í hyggju að koma á fót *formlegum samráðs- og álitsgjafa hópum* (sérfræðinga og notenda) um tiltekin fræðasvið heilbrigðisvísinda í samfélaginu. Við stefnum einnig á að gera *formlega þarfagreiningu í samráði við heilbrigðisvirkvöld og fagfélög* því afar mikilvægt er að nýta kjöraðstæður á Akureyri fyrir rannsóknavinnu af þessu tagi fyrir allt alþjóðasamfélagið og skapa um leið grunn að öflugum samfélagi sem stenst samanburð og samkeppni. Þá höfum við í hyggju að finna *áhrifaríka leið til að koma á framfæri þekkingu til almennings* t.d. í gegnum vefsíðu þar sem m.a. má finna yfirlit yfir rannsóknir kennara og nemenda (á íslensku og ensku) og birt verk þeirra því við viljum gera rannsóknarniðurstöður aðgengilegri fyrir samfélagið.


Staðsetning öndvegissetursins á Akureyri myndi efla uppbyggingu þekkingar í sínu nærumhverfi og jafnframt skapa þörf fyrir öflug tengsl við aðra innlenda aðila á sama sviði til að efla samstarf á landsvísu varðandi markvissari þróun heilbrigðisvísindarannsókna á Íslandi. Uppbygging sérhæfðra rannsóknastofa við öndvegissetrið með aðkomu bæði innlendra og erlendra sérfræðinga

innan hópsins mun skapa kjölfestu fyrir öfluga uppbyggingu rannsóknartengds framhaldsnáms á Akureyri, sem yrði í samstarfi við innlenda og erlenda samstarfsháskóla sem væru þátttakendur í samstarfi innan öndvegissetursins.

Fulltrúar allra allra helstu innlendu aðilanna í öndvegissetrinu ættu sæti í Öndvegisráði setursins og sæu um að skipuð yrði framkvæmdastjórn fyrir öndvegissetrið.

Jafnframt yrði stofnaður ráðgjafahópur, sem skipaður yrði fulltrúum erlendu samstarfsaðilanna auk fulltrúa frá opinberu stjórnvaldsaðilum í öndvegissetrinu.

Öndvegissetrinu er ætlað að skapa nýtt samstarfsform varðandi rannsóknir og menntun á sviði heilbrigðisvísinda er hefði öflug tengsl við erlenda aðila á sama sviði. Markvisst yrði sótt í innlenda og erlenda samkeppnissjóði til að auka við og styrkja rannsóknarumfang öndvegissetursins og getu þess til að þjálfa ungt vísindafólk og símenntunarmöguleika heilbrigðisstétta.



Mynd 1 Stjórnskipulag og rannsóknastofur öndvegissetursins

Fyrirtæki:

1. **Akureyrarbær**
Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri Akureyrar.
2. **Fjórðungsjúkrahúsið á Akureyri (FSA)**
Halldór Jónsson, forstjóri
Ólína Torfadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar
Dr. Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri lækninga
3. **Heilsugæslustöðin á Akureyri.**
Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og hjúkrunarforstjóri.

Rannsóknarstofnanir:

4. **Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA)**
Dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður.
5. **Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA).**
Þorsteinn Gunnarsson, formaður stjórnar HHA

Aðrar samstarfsstofnanir á Íslandi:

6. **Lýðheilsustöð**
Dr. Þórólfur Þórlindsson
7. **Landlæknir**
Sigurður Guðmundsson, landlæknir
8. **Heilbrigðisráðuneytið.**
Ragnheiður Haraldsdóttir, deildarstjóri

Dæmi um Erlendar samstarfsstofnanir (samningar eru til staðar við um 20 erlenda háskóla)

Evrópa: **University of Patras, University of Umea,**
University of Manchester (Prof. R. Price),
Bandaríkin: **University North Park Chicago** (Prof. Joan Zetterlund)

4. Áætlun um framkvæmd

Við höfum í hyggju að á Öndvegissetri í heilbrigðisvísindum verði margar rannsóknarstofur með öflugt þverfaglegt samstarf. Við höfum í hyggju að fjölga námskeiðum fyrir heilbrigðisstétta, leiða Landssamtök í heilbrigðisfræðslu og gefa út tímaritið *International Journal of Health*

Sciences sem verði ritrýnt þverfaglegt tímarit sem beinist að rannsóknum er varða árangursríkar forvarnir og heilsueflingu, bættu heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungar í heilbrigðisþjónustu. Að lokum viljum við í gegnum öndvegissetrið *enn virkari tengsl við samfélagið*.

Rannsóknarstofur

Hugmyndin er sú að á öndvegissetrinu verði margar rannsóknarstofur sem hefðu fimmþætt hlutverk: rannsóknir, þróunarstarf, námskeiðahald, málstofu/ráðstefnuhald og útgáfustarfsemi. Vísir að þessum rannsóknarstofum eru nú þegar fyrir hendi s.s.:

1. *Rannsóknarstofa með áherslu á öldrun og heilbrigði*. Þjóðum reglulega upp á námskeið fyrir heilbrigðisstéttir: *Öldrun í íslensku samfélagi*. Höfum staðið fyrir málstefnu um málefnið og er starf okkar í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO – *Ageing and life course* (<http://www.who.int/ageing/en>). Forstöðu veita: Sólveig Ása Árnadóttir, sjúkrahjálfari og Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, iðjuþjálfari. Dæmi um rannsóknarverkefni meistaranema á sviðinu: Unnur Pétursdóttir, sjúkrahjálfari: Rannsókn um hvetjandi og letjandi þætti varðandi þjálfun fólks með slitgigt. Kristín Guðveig Sigurðardóttir: Rannsókn varðandi aðstandendur heilabilaðra. Guðrún Dóra Guðmannsdóttir: The primacy of existential pain and suffering in residents in chronic pain in nursing homes.
2. *Rannsóknarstofa með áherslu á heilbrigði fatlaðra*. Þjóðum reglulega upp á námskeið fyrir heilbrigðisstéttir og kennara: *Fötlun og samfélag*. Höfum staðið fyrir málstefnu um málefnið og er starf okkar í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – *Disability and Rehabilitation* (<http://www.who.int/disabilities/en/> og WHO – ICF (International Classification of Functioning, Disability and Health) (<http://www.who.int/classifications/icf/en/>). Forstöðu veitir: Dr. Snæfríður Þóra Egilson, dósent í iðjuþjálfun. Dæmi um rannsóknarverkefni meistaranema á sviðinu: Unnur Árnadóttir, sjúkrahjálfari: Rannsóknin beinist að mati foreldra á fjölskyldumiðaðri þjónustu.
3. *Rannsóknarstofa með áherslu á heilbrigði langveikra*. Munum bjóða upp á námskeið fyrir heilbrigðisstéttir í fyrsta sinn á vormisseri 2009: *Langvinnir sjúkdómar og lífsglíman* og er starf okkar í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO Chronic diseases and health promotion (<http://www.who.int/chp/en>) og WHO – Chronic respiratory diseases og WHO – Diabetes Programme). Forstöðu veitir: Dr. Árún K. Sigurðardóttir, dósent í hjúkrunarfræði. Dæmi um rannsóknir meistaranema á sviðinu: Sigríður Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur: Iktsýki, streita og tileinkun bjargráða eftir áföll. Brynja Ingadóttir: To discipline ‘a dog’: The essential structure of mastering diabetes.
4. *Rannsóknarstofa með áherslu á krabbamein*. Þjóðum reglulega upp á námskeið fyrir heilbrigðisstéttir: *Krabbamein og líkandi meðferð*. Höfum staðið fyrir ráðstefnum um málefnið og er starf okkar í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – Cancer (<http://www.int/cancer/en/> og International Agency for Research on Cancer (IARC). www.iarc.fr). Forstöðu veitir: Dr. Elísabet Hjörleifsdóttir, dósent í hjúkrunarfræði. Dæmi um rannsóknarverkefni meistaranema á sviðinu: Kristín Sólveig Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur: Reynsla fólks með lífsógnandi sjúkdóm af þáttum sem hafa jákvæð/neikvæð áhrif á lífsgæði. Heiðís Harpa Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur: Rannsókn á sviði líknandi meðferðar.
5. *Rannsóknarstofa með áherslu á endurhæfingu*. Þjóðum reglulega upp á námskeið fyrir heilbrigðisstéttir: *Endurhæfing, efling og lífsgæði*. Höfum staðið fyrir málstefnu um málefnið og er starf okkar í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – Disability and Rehabilitation (<http://www.who.int/disabilities/en/> og WHO – ICF (International Classification of Functioning, Disability and Health) (<http://www.who.int/classifications/icf/en/>). Forstöðu veitir: Guðrún Pálmadóttir, iðjuþjálfari og Dr. Ragnheiður Harpa Arnadóttir, sjúkrahjálfari. Dæmi um rannsóknir meistaranema á

sviðinu: Jónína Sigurgeirsdóttir: Existential struggling and self-reported needs of patients in rehabilitation.

6. *Rannsóknarstofa með áherslu á stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar.* Þjóðum reglulega upp á námskeið fyrir heilbrigðisstéttir: *Stjórnun, rekstur og ígrundun.* Höfum staðið fyrir málstefnu um málefnið og er starf okkar í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – Management for health services delivery (<http://www.who.int/management/en>). Forstöðu veitir fjögurra manna fagráð. Samvinna milli heilbrigðisdeildar og viðskiptadeildar H.A. Dæmi um rannsóknir meistaranema á sviðinu: Sveinfríður Sigurpáldóttir, rannsókn á sviði hjúkrunarstjórnunar. Þórey Agnarsdóttir: Streita og verkir frá stoðkerfi hjá hjúkrunardeildarstjórum. Þröstur Óskarsson: Einkarekstur í heilbrigðisþjónustunni?.
7. *Rannsóknarstofa með áherslu á heilbrigði og heilbrigðisþjónustuna.* Þjóðum reglulega upp á námskeið fyrir heilbrigðisstéttir: *Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar.* Höfum staðið fyrir málstefnu um málefnið og er starf okkar í anda fjölmargra verkefna á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Forstöðu veitir: Dr. Hermann Óskarsson, félagsfræðingur og deildarforseti heilbrigðisdeildar. Dæmi um rannsóknir meistaranema á sviðinu: Guðrún Elín Benónýsdóttir, hjúkrunarfræðingur MSc. Reynsla aldraðra af heilbrigði og heilsuefningu.

Ennfremur eru hugmyndir um eftirfarandi rannsóknarstofur:

1. *Rannsóknarstofa með áherslu á geðheilbrigði og geðvernd.* Rannsóknarstofan væri rekin í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri og aðra innlenda og erlenda samstarfsaðila og í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – Mental Health (http://www.int/mental_health/en/). Mikil þörf er á þessari rannsóknarstofu. Að henni munu væntanlega standa aðilar frá fjórum mismunandi stofnunum.
2. *Rannsóknarstofa með áherslu á heilbrigði kynjanna og fjölskyldunnar.* Rannsóknarstofan væri rekin í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri og aðra innlenda og erlenda samstarfsaðila og í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – Women's Health: http://www.who.int/topics/womens_health/en/ og The Department of Gender, Women and Health: <http://www.who.int/gender/en/>.
3. *Rannsóknarstofa með áherslu á heilbrigði barna og unglinga.* Rannsóknarstofan væri rekin í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri (ungbarnaeftirlit, nýja barnið, skólaheilsugæsla og unglíngamóttaka) og aðra innlenda og erlenda samstarfsaðila og í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – http://www.who.int/topics/child_health/en/ og http://www.who.int/topics/adolescent_health/en/
4. *Rannsóknarstofa með áherslu á kynbundið ofbeldi.* Rannsóknarstofan væri rekin í samvinnu við innlenda og erlenda aðila og í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – Gender based violence: http://www.who.int/topics/gender_based_violence/en/
5. *Rannsóknarstofa með áherslu á heilbrigði og mannréttindi.* Rannsóknarstofan væri rekin í samvinnu við lagadeild HA og aðra innlenda og erlenda aðila. Hún væri rekin í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – http://www.who.int/topics/human_rights/en/
6. *Rannsóknarstofa með áherslu á heilbrigði innflytjenda/nýbúa.* Rannsóknarstofan væri rekin í samvinnu við nýbúadeild heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.
7. *Rannsóknarstofa með áherslu á átraskanir.* Rannsóknarstofan væri rekin í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri og innlenda og erlenda samstarfsaðila og í anda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO – Obesity: <http://www.who.int/topics/obesity/en/> og Nutrition disorders: http://www.who.int/topics/nutrition_disorders/en/

Þessar rannsóknarstofur sjáum við fyrir okkur sem ávöxt samvinnu við samstarfsstofnanir okkar, hérlendis og erlendis. Við sjáum fyrir okkur að við munum beina meistaranemum og síðar

doktorsnemum inn á þessi svið í rannsóknum þeirra og sjáum enn fremur fyrir okkur mörg þróunarverkefni í samstarfi við samstarfsstofnanirnar ekki síst Heilsugæslustöðina á Akureyri þar sem öflugt þróunarstarf t.d. verkefnið *Nýja barnið*, hefur vakið mikla og verðuga athygli. Í samstarfi við innlenda og erlenda samstarfsaðila teljum við að margt spennandi verði til þegar fjármagn er fyrir hendi en flestar þessar stofnanir hafa verið í hálfgerðu fjársvelli nokkuð lengi.

Landssamtök um heilbrigðisfræðslu

Við höfum í hyggju að *Öndvegissetrið í heilbrigðisvísindum* myndi leiða saman þau fjölmörgu samtök sem sinna heilbrigðisfræðslu á einn eða annan veg og eftir að hafa gert greiningu á helstu heilbrigðisvandamálum Íslendinga verði hafist handa við að bregðast við á faglegan hátt með öflugri samhæfðri heilbrigðisfræðslu.

International Journal of Health Sciences

Það vantar tilfinnanlega tímarit á sviði heilbrigðisvísinda og myndum við vilja bæta úr því með því að stofna ritrýnt tímarit sem væri vettvangur fyrir þverfaglegar rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu. Við stefnum að því að tímaritið verði um síðir flokkað sem ISI tímarit.

Virkt tengsl við samfélagið

Við höfum í hyggju að koma á fót *formlegum samráðs- og álitsgjafa hópum* (sérfræðinga og notenda) um ofangreind fræðasvið heilbrigðisvísinda í samfélaginu. Við stefnum einnig á að gera *formlega þarfagreiningu í samráði við heilbrigðisyrkjavöld og fagfélög*. Þá höfum við í hyggju að finna *áhrifaríka leið til að koma á framfæri þekkingu til almennings* t.d. í gegnum vefsíðu þar sem m.a. má finna yfirlit yfir rannsóknir kennara (á íslensku og ensku) og birt verk þeirra því við viljum gera rannsóknarniðurstöður aðgengilegri fyrir samfélagið.

Fjárhagur og fjárþörf öndvegissetursins

Þegar eru til staðar margir af grunnþáttum fyrir öndvegissetrið og er aðstaða á Akureyri bæði innan háskólans og hjá heilbrigðisstofnunum hluti af þeim rekstrarþáttum er setrið þarf að byggja á ásamt tækjum sem má samnýta til starfseminnar. Jafnframt er vinnuframlag þátttakenda við uppbygginguna hluti af fjárþörf öndvegissetursins. Hópurinn sem stendur að þessari umsókn leggur áherslu á frekari uppbyggingu þeirra rannsóknastofa er hér hafa verið tilgreindar og koma á fót öflugum rannsóknastarfi er tengt verði við framhaldsnám meistara- og doktorsnema og er ætlunin að nota 48 milljónir króna sem hluta af launum framhaldsnema og nýdoktora. Öflug kynningarstarfsemi er einnig mikilvæg í rekstri setursins s.s. með útgáfu vísindaritans, vinnustofum og ráðstefnum. Námskeið til starfsþjálfunar og endurmenntunar er annar þáttur er þarf að kosta þróun á innan setursins. Starfsmannaskipti og vistun erlendra gistiprófessora / fræðimanna hjá setrinu er kostnaðarliður er skiptir þróun þess miklu máli.

Öndvegissetrið hyggst bjóða styrki fyrir að minnsta kosti 6-7 meistaranema og 2-3 doktorsnema og er þessi þáttur afar mikilvægur til að virkni rannsóknastofanna í rannsóknarverkefnum verði árangursríkur. Fjármunum verður einnig veitt til að ráða til starfa öfluga unga vísindamenn (nýdoktora) til að byggja upp fleiri rannsóknastofur innan

öndvegissetursins og þarf líklega

að ráða í tímabundnar stöður

sérfræðinga á meðan

uppbyggingarferlið er mest í mótun.

Tafla 1 sýnir fyrirhugaða skiptingu

á styrknum niður á kostnaðarþætti

og er gert ráð fyrir að móttframlög

þátttakanda yrðu mögulega að

svipaðri stærðargráðu. Þessir

kostnaðarþættir eru allir í frekari

Tafla 1 Öndvegissetur í heilbrigðisvísindum 2009 - 2015

Kostnaðaráætlun	Allis (m.kr)	%
Rannsóknaverkefni*	167	60%
Framhaldsnemar og nýdoktorar**	48	17%
Erlendir fræðimenn og starfsmannaskipti	12	4%
Ráðstefnur og kynningarstarfsemi	11	4%
Ferðir og fundir	7	3%
Stjórnun og rekstur setursins***	35	13%
Samtals kostnaður	280	100%

Sótt um á ári 40

* Markmið er að auka umfang rannsóknaverkefna verulega með sökn í erlenda og innlenda samkeppnisjóði og nýta styrklé sem móttframlag verkefna

** Bein framlög af styrk Vísinda- og tækniráðs til framhaldsema og nýdoktora

*** Viðbótarframlag til samrekstrarkostnaðar kæmi frá þátttakendum

greiningu og hversu mikla fjármögnun væri mögulegt að tryggja frá öðrum aðilum. Verður ítarlegri greining lögð fram á seinna stigi umsóknarferlisins ef þessi hugmynd að öndvegissetri fær brautargengi.

Sótt er um alls 280 milljónir króna þessi 7 ár, eða 40 m.kr á ári til Vísinda- og tækniráðs til að kosta uppbyggingu *Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri*.

Einnig er fyrirhugað að nýta hluta af kostnaðarliðnum sem nefndur er rannsóknarverkefni til undirbúnings umsókna í erlenda samkeppnissjóði og stefnan sett á að draga inn nýtt rannsóknafé með þeim hætti. Þetta markmið er sett fram þar sem hópurinn telur að með sérstöku átaki í þessa veru megi stórauka rannsóknarumfangið og því í raun nýta verulegan hluta af tiltæku rannsóknarfé sem móttframlög í t.d. 7. Rammaáætlun Evrópusambandsins (ESB). Eru aðilar umsóknarinnar að undirbúa í samstarfi við nokkrar samstarfsstofnanir sínar erlendis markvissari sókn í þessa veru.

Hópurinn sem stendur að þessari umsókn sér fyrir að liðsheildin geti stækkað á seinna umsóknarstiginu ef fleiri áhugasamir aðilar um þátttöku í þessari uppbyggingu leita eftir því. Jafnframt yrði unnið í að festa endanlega niður form varðandi aðkomu erlendu samstarfsaðilanna er tæku virkan þátt í öndvegissetrinu úr þeim stóra hópi erlendra háskóla er hafa gert samstarfssamninga við Háskólann á Akureyri.

5. Áhrif öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum á íslenskt samfélag

Efning rannsóknarstarfs

Öndvegisstyrkur og stofnun *Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum* gerir okkur kleift að fjölga námskeiðum á meistarastigi og fjölga nemendum í rannsóknartengdu framhaldsnámi. Það mun auka heildartekjur til rannsóknarstarfs og mun auka ánægju starfsmanna með stuðning við rannsóknir og aðstöðu. Það mun fjölga sérfræðingum með doktorsgráðu og fjölga fræðigreinum í innlendum og alþjóðlegum ritrýndum fræðiritum. Þá mun það auka meðalfjölda rannsóknarstiga á fræðimann eins og stefnt er að og efla útgáfustarfsemi deildarinnar.

Efning yfirfærslu þekkingar milli háskóla og atvinnulífs


Öndvegisstyrkur og stofnun *Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum* eflir yfirfærslu þekkingar milli háskóla og atvinnulífs. Það þýðir að við myndum gera fleiri formlega samninga um samstarfsverkefni milli heilbrigðisdeildar og fulltrúa atvinnulífsins. Við myndum ná að nýta betur möguleika Skólalabæjarins Akureyri og áherslu Akureyrarbæjar á eflingu lýðheilsu. Það myndi skapa vettvang þar sem sérfræðingar koma þekkingu sinni á framfæri á opinberum vettvangi.

Alþjóðlegt samstarf.


Öndvegisstyrkur og stofnun *Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum* gerir okkur kleift að taka þátt í verkefnum sem styrkt eru af alþjóðlegum stofnunum. Þá gerir það okkur kleift að bjóða framhaldsnám í samvinnu við erlenda háskóla með því að nýta betur þau alþjóðatengsl sem nú þegar eru fyrir hendi en jafnframt að finna fleiri erlenda háskóla sem samræmast þeim viðmiðum sem gilda um framhaldsnám í heilbrigðisdeild HA. Við viljum efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsueflingu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu í samstarfi við erlenda háskóla og afmarka þannig sérstöðu deildarinnar í rannsóknum m.t.t. alþjóðlegs rannsóknarsamstarfs.

Háskólinn á Akureyri – heilbrigðisdeild

1. Deildarforseti


Dr. Hermann Óskarsson, deildarforseti

2. Forstöðumaður væntanlegs öndvegisseturs



Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og forstöðumaður

Fyrirtæki:

1. Akureyrarbær

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri Akureyrar. (Sjá meðfylgjandi)

2. Heilsugæslustöðin á Akureyri.



Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og hjúkrunarforstjóri.

Rannsóknarstofnanir:

3. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA)

Dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður.

4. Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA).


Þorsteinn Gunnarsson, formaður stjórnar HHA

Aðrar samstarfsstofnanir á Íslandi:

5. Landlæknir

Sigurður Guðmundsson, landlæknir (sjá meðfylgjandi)




Sigríður Halldórsdóttir prófessor
Háskólinn á Akureyri
Norðurslóð
Pósthólf 224
602 AKUREYRI

Seltjarnarnesi, 8. maí 2008
2008050062/30.00/ABA/abu

Efni: Umsókn til Markáætlunar á sviði vísinda og tækni 2009-2015 - Öndvegissetur og rannsóknaklasar

Staðfest er með bréfi þessu að Landlæknisembættið tekur virkan þátt í umsókn um uppbyggingu Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Embættið styður við meginmarkmið Öndvegissetursins, sem er að efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefingu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu.

Virðingarfyllt,
f.h. landlæknis


Anna Björg Aradóttir
yfirljófnáttáfræðingur

Address/Address Angvarströnd 5 170 Selhólmur Iceland	Stími/Telephone (+354) 510 1900	Myndsimi/Telefax (+354) 510 1919	Netfang/E-mail postur@landlaekni.is	Vefvang/Website http://www.landlaekni.is	Kennitala/Id. No 710169-5009
------------------------------------------------------------	------------------------------------	-------------------------------------	----------------------------------------	---------------------------------------------	---------------------------------



Akureyri 9. maí 2008

Rannís
Laugavegi 13
101 Reykjavík

Varðar:

Umsókn til Markáætlunar á sviði vísinda og tækni 2009-2015 - Öndvegissetur og rannsóknaklasar

Staðfest er með bréfi þessu að við tókum virkan þátt í umsókn um uppbyggingu Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Styðjum við meginmarkmið öndvegissetursins, sem er *að efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu.*

Virðingarfyllt

Fh Akureyrarbæjar

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri



Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir <gudrunth@unak.is>

Umsókn til Markáætlunar á sviði vísinda

13. maí 2008 14:25:53 GMT+00:00

<sigurdur.bogason@markmar.is>

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir <gudrunth@unak.is>, Sigríður Halldórsdóttir

<sigridur@unak.is>

Umsókn til Markáætlunar á sviði vísinda og tækni 2009-2015. Öndvegissetur og rannsóknaklasar.

Undirrituð staðfestir með þessu bréfi að RHA, Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri tekur virkan þátt í umsókn um uppbyggingu Öndvegisseturs í Heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. RHA styður við meginmarkmið Öndvegissetursins sem er að efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsueflingu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd RHA,

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir Ph.D.

Forstöðumaður/Director

RHA, Rannsókn- og þróunarmiðstöð/Research Centre

Háskólans á Akureyri/University of Akureyri

Borgum v/Norðurslóð

600 Akureyri, Iceland

tel: +354-4608901

fax: +354 460 8919

e-mail: gudrunth@unak.is



FJÓRDUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI


Háskólinn á Akureyri,
Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor,
heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri,
Norðurslóð,
600 Akureyri.


Akureyri 9. maí 2008.


Efni: Vegna umsóknar til Markáætlunar á sviði vísinda og tækni 2009 – 2015;
Öndvegissetur og rannsóknaklasar.

Með bréfi þessu staðfestist að Sjúkrahúsið á Akureyri tekur virkan þátt í umsókn um uppbyggingu Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Styðjum við megin markmið Öndvegissetursins sem er *að efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu.*

Virðingarfyllt,


Halldór Jónsson, forstjóri.


Ólína Torfadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar.


Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri lækninga.

Akureyri 9. maí 2008

Rannís
Laugavegi 13
101 Reykjavík

Varðar:

Umsókn til Markáætlunar á sviði vísinda og tækni 2009-2015 - Öndvegissetur og rannsóknaklasar

Staðfest er með bréfi þessu að við tökum virkan þátt í umsókn um uppbyggingu Öndvegisseturs í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Styðjum við meginmarkmið öndvegissetursins, sem er *að efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefingu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu.*

Virðingarfyllt



Fh Akureyrarbæjar

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri



Akureyri 9. maí 2008

Subject: Proposal for the Icelandic Science and Technology Policy Council "Markáætlun á sviði vísinda og tækni 2009-2015 - Öndvegissetur og rannsóknaklasar"

We confirm our support and intent to participate in the proposal to create a Center of Excellence in health sciences at the University of Akureyri. We support the key objective of the Centre to, establish world class research for preventive medicine, improved health, improved health practices and the development of new health related services.

Sincerely yours,



On behalf of Akureyri Municipality
Sigrún Björk Jakobsdóttir, Mayor

